

Fundargerð aðalfundar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 25. september 2017, kl. 10:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson (f.h. Reykjanesbæjar), Fannar Jónasson (f.h. Grindavíkurbæjar), Sigrún Árnadóttir (f.h. Sandgerðisbæjar), Magnús Stefánsson (f.h. Sveitarfélagsins Garðs), Ásgeir Eiríksson (f.h. Sveitarfélagsins Voga), Berglind Kristinsdóttir (f.h. Heklunnar) og Sigrún Elefsen (f.h. Ferðamálasamtaka Reykjanes)

Kristín Vala Matthíasdóttir, Magnea Guðmundsdóttir og Sverrir Guðmundsson boðuðu forföll

Starfsmenn: Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri), Púriður H. Aradóttir og Gunnar H. Garðarsson

1. Skýrsla stjórnar

Kjartan Már Kjartansson fór yfir störf stjórnar sem tók til starfa á aðalfundi 16. september 2016.

2. Ársreikningur 2016

Ársreikningur 2016 lagður fram og samþykktur samhljóða.

3. Starfs- og fjárhagsáætlun

Samþykkt að vísa vinnslu starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018 til stjórnar.

4. Tilnefning stjórnar

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir í stjórn í samræmi við 7. grein stofnsamþykktá félagsins:

- Kjartan Már Kjartansson af hálfu Reykjanesbæjar og Johan D Jonsson til vara
- Fannar Jónasson af hálfu Grindavíkurbæjar og Jón Þórisson til vara.
- Ásgeir Eiríksson og Magnús Stefánsson af hálfu Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga og Guðjón Þ. Kristjánsson og Bergur Álfþórsson til vara.
- Berglind Kristinsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir og Magnea Guðmundsdóttir af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni og Hjálmar Árnason, Hanna María Kristjánsdóttir og Sverrir Guðmundsson til vara.

Samþykkt samhljóða.

5. Kosning endurskoðenda

Samþykkt að Íslenskir endurskoðendur ehf endurskoði reikninga félagsins samkvæmt útboði.

6. Ákvörðun um greiðslu þóknunar til stjórnarmanna

Stjórn mun ekki þiggja laun þar til annað er ákveðið.

7. Ákvörðun um árgjald næsta árs

Kjartan kynnti tillögu að framlögum til Reykjanes jarðvangs á árinu 2018. Aðalfundur samþykkir tillöguna og vísar til aðildafélaga.

Sigrún Elefsen óskar eftir að fært sé til bókar að Ferðamálasamtök Reykjaness koma til með að greiða árgjöld vegna ársins 2018 en þar sem samtökin hafa ótryggan tekjustofn verður að skoða hvert ár fyrir sig.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Fundargerð ritaði: ESJ